

Fundur Delta Kappa Gamma 01.10.2011

Boletta setti fundinn sagði frá framkvæmdarráðsfundi sem hún sótti 3. sept.

Guðríður Aadnegaard flutti orð til umhugsunar. Ræddi um gleðina og vitnaði í Jóhann Sigurjónsson. Jónas Jónasson sem talaði æðrulaus um dauðann. Aðalega talaði hún um sjálfboðaliða sem vinna hljóðlaust og óeigingjarnt starf – fórnfýsi. Samstarf umhyggju, kærleika. Vinna eins og konan í ljóði Davíðs Stefánssonar, Konan sem kyndir ofninn minn. Verk sjálfboðaliða eru vanmetin. Guðni Guðmundsson týndi flöskur með fram vegum og gaf UMFH, ásamt konu sinni Margréti Þórðardóttur frá Þverlæk í Holtum, um hálfa milljón.

Elinborg og Guðrún Þóranna sögðu frá ráðstefnunni í Baden-Baden 2. – 6. ágúst.

Ingibjörg Einarsdóttir sagði frá Stóru lestrarkeppninni og vakti mikla athygli þar í Baden-Baden.

Guðný Helga átti afmæli og bauð öllum í teiti og það hristi hópinn vel saman.

Brynhyldur Ragnarsdóttir talaði um Tungumálatorgið og ýmsar málstofur voru bæði fyrir forseta og aðra.

Elinborg talaði um Numberland sem byggt væri upp sem ævintýri í kennslu fyrir yngstu börnin í leik með tölum og rökstyðja gjörðir sínar, föndra með tölustafi og nota tónlist og söng til að auka málþroska og skilning.

Góður félagsskapur og góðar stundir.

Guðrún Þóranna fór í málstofu hjá Dr. Sandra Sessa (USA) þar var rétt um Resilience – seigla. 7 atriði um stjórnun tilfinninga.

Rætt um aðalfund DGK gerði að heiðursfélaga Evrópu Marianne S. Sigrún Klara er heiðursfélagi félagsins.

Næsta ráðstefna DKG 24.07.2012 í New York og í Amsterdam 2013.

“Það er ekki nóg að hafa þekkingu
Það verður að nýta hana
Það er ekki nóg að hafa vilja
Það verður að framkvæma”
Johann Wolfgang von Goethe.

Elín Hannibalsdóttir

Delta Kappa Gamma/ Fundur 01.10.2011.